

Fundur 17.2.2025 Þórunn Lárusdóttir af norrænum ættum á annarri frumlífs jörð.

Góða kvöldið, komið þið öll blessuð og sæl.

*Góða kvöldið.*

Langt er síðan ég hef til ykkar talað og gleður það mig mjög að komast í sambandið við ykkur og verð ég að segja að ég er miklu öflugri en ég var þegar ég talaði við ykkur síðast og var þó orkan hjá okkur farin að aukast mikið og farið að ganga betur.

Eru það einhver leynd bönd, orkubönd sem tengja hnettina á milli og eru það einhver örlogabönd sem valda því að við fáum samband við ykkur aftur og finnst okkur að þróunin á ykkar landi sé þess eðlis og einnig þróunin í mörgum löndum jarðar ykkar.

Og finnst mér leiðinlegt að samband okkar við ykkur hafi fallið niður um stundarsakir um nokkur ár, en er hér góð bót ráðin á því, og finnum við mjög greinilega að stjórn mála ástandið á ykkar landi magnar mig og okkur til sambands við ykkur að nýju.

Og vil ég gjarnan frá því segja hér í kvöld, hversu miklu betur okkur gengur nú í dag, heldur en þá.

Og eins og ég sagði við ykkur á þeim fjölmörgu fundum, þegar ég svo blessunarlega komst í gegn og gat talað til ykkar um geimdjúpið, þá eru það sömu Guðirnir og Gyðjurnar sem gróðursettu okkur niður á okkar jörð í fyrndinni og ykkur á ykkar jörð fyrir langa löngu.

Finn ég sveiflur í orkunni, ég er svo glöð að tala til ykkar og vil ég, okkur dreymir til ykkar og við fylgjumst með ykkur í fjarska, við erum ekki á framlífs jörð, við erum að basla við frumlífið eins og þið.

Og kannski komin lengra, en við eigum okkar vandamál að glíma við, er ég, Jahve trúflar og mörg mannkynin sem vilja trúfla þetta samband hnattanna á milli og.

*Ekki ert þú Þórunn ?*

Já ég er Þórunn Lárusdóttir.

*Velkominn.*

Þakka þér kærlega fyrir.

*Það er langt síðan við höfum heyrt í þér eins og þú sagðir.*

Já ég er svo, ég ætlaði að vera hér með langt erindi og það er, við viljum styðja ykkur, okkur dreymir til ykkar og við fylgjumst með ykkur og það vildu margir hafa samband, en ég er hér í forsvari í mínu landi og okkur gengur betur, við höfum, við þurftum að hætta með ákveðinn iðnað sem var mengandi á okkar hnetti og hefur náttúran tekið við sér.

Og önnur vandamál sem tengjast mismunandi hópum eru í betra horfi og höfum við hér sterkari, höfum tekið við ábendingum frá öðrum hnöttum og höfum við breytt menningu okkar á þann veg að erum við að styrkja hitt kynið til að verða sér, að fá jafnari stöðu eins og gerðist í mörgum menningar samfélögum okkar áður fyrr.

Og eru hér mörg lönd á okkar hnetti, þar sem, já náttúrufarið er ekki ósvipað og er hjá ykkur, en hnötturinn er svipað stór og erum við með sól eins og hjá ykkur.

Komumst við upp úr hjólfari trúarbragðanna og var okkur því fært að reisa stjörnusambandsstövar og að það varð fjölda hreyfing að trú á þessar framlífs kenningar og hefur það verið okkur til mikils stuðnings og eflingar að tala við dr. Helga Pjeturss í fjarsambandi og Búrdlík og aðra eins frumkvöðla á sviði þessa stjörnusambands máls.

Og oft þegar helstefnu öflin hafa truflað okkur og skaðað, hefur það hjálpað að mynda slík sambönd.

Verð ég nú að kveðja, þakka ég fyrir mig og vona að ég komist aftur fljótlega.

Þakka ég fyrir mig og óska ég ykkur allra heilla og vel gangi.

Þakka ég fyrir mig verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir komuna vertu sæl.*